

# Blöðruþrýstingsmæling

Blöðruþrýstingsmæling er lífeðlisfræðileg rannsókn sem metur starfsemi þvagblöðrunnar. Rannsóknin tekur 60–90 mínútur og fer fram á göngudeild þvagfæra 11A á 1. hæð Landspítala við Hringbraut.

## Undirbúningur fyrir rannsókn

Hætta þarf töku lyfjanna: Ditropan, Detrusitol, Vesicare, Betmiga og Toviaz tveimur vikum fyrir rannsóknina. Ekki er hægt að gera rannsóknina ef grunur er um þvagfærasýkingu, ef niðurgangur er til staðar eða meðan á blæðingum stendur.

Við komu á 11A þarf að vera þvag í þvagblöðrunni til að hægt sé að gera þvagflæðimælingu og meta blöðrutæmingu.

### Fylla þarf út og koma með:

- meðfylgjandi spurningalista.
- meðfylgjandi vökva- og þvaglátaskrá (þvag mælt í mælikönnu)

## Framkvæmd rannsókna

Grannur rannsóknarleggur er þræddur upp þvagrásina í þvagblöðru. Í gegnum legginn er vatni dælt rólega inn í þvagblöðruna og þrýstingur þar mældur. Einnig er settur grannur leggur í endaparm sem mælir þrýsting fyrir utan þvagblöðruna. Meðan á rannsókn stendur er skráð hvenær þörf fyrir þvaglát byrjar og hvenær sjúklingi verður mál. Þegar þvaglátþörf er orðin mikil er hætt að dæla vatni og þá má kasta af sér þvagi í sérstakan mæli.

## Kostnaður

Greiða þarf fyrir rannsóknina. Ef gerðar eru frekari rannsóknir getur bæst við kostnaður vegna þeirra. Verð er samkvæmt gjaldskrá Landspítala.

## Símanúmer

Göngudeild þvagfæra 11A á 1. hæð Landspítala við Hringbraut er opin virka daga kl. 8-16, sími 543 7100. Utan þess tíma má hafa samband við bráðamóttöku í Fossvogi í síma 543 2000.

Velkomið er að hafa samband á deildina ef spurningar vakna.

Vinsamlegast athugið að sjúkrahúsið getur ekki borið ábyrgð á peningum eða öðrum verðmætum svo sem símum, tölvum o.fl. sem sjúklingar eða aðstandendur hafa meðferðis. Athygli er vakin á því að starfsfólk og nemendur sjúkrahússins eru bundin þagnarskyldu og mega því ekki ræða um málefni sjúklinga á deildinni. Við viljum vinsamlegast biðja þig og aðstandendur þína að ræða ekki það sem þið kunið að verða vitni að eða heyra um aðra sjúklinga. Landspítali er kennsluspítali og nemendur í heilbrigðisfræðum og tengdum greinum stunda hluta af námi sínu á spítalanum. Nemendur fylgjast með og taka þátt í daglegri meðferð sjúklinga og eru alltaf á ábyrgð og undir handleiðslu leiðbeinenda sinna.